

16. mars 1998

*Til sjávarútvegsnefndar alþingis*


Stjórn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar þakkar bréf sjávarútvegsnefndar, dags. 4. mars s.l. Með bréfinu fylgdu lagafrumvörp sem SFÁÚ er gefin kostur á að láta í ljós álit á. Stjórn SFÁÚ hefur fjallað um þessi mál og kys að láta í ljós álit á þeim. Stjórn SFÁÚ vill jafnframt ítreka eftirfarandi afstöðu samtakanna til núverandi fiskveiðistjórnkerfis.

Kerfið hefur í engu þjónað þeim markmiðum sem sett voru og tilgreind eru í 1. grein laganna, heldur þvert á móti unnið gegn þeim. Sífellt kemur betur í ljós að kerfið leiðir til óskynsamlegrar líffræðilegrar nýtingu botnfiskstofna. Ekkert tillit er tekið til breytilegra umhverfisskilyrða sem leiðir til þess að náttúrulegar uppsveiflur eru ekki nýttar með aukinni veiði en náttúruleg afföll vaxa að sama skapi. Auk þess er kerfið löndunarstýringarkerfi sem leiðir til mikillar sóunar með brottkasti fiskjar.


Þá virkar kerfið þannig að hagkvæmni og fiskisæld fá litlu ráðið. Þannig hafa ýmsar stórútgerðir í krafti aðgangs að miklu fjármagni (og ódýru) sankað að sér veiðiheimildum sem síðan eru leigðar til strandveiðiflotans. Þrátt fyrir mikla hagkvæmni í strandveiðunum samfara mikilli fiskigengd á grunnmiðum þá hefur sá floti ekki haft möguleika á að komast yfir varanlegar veiðiheimildir. Þær eru sem kunnugt er í mjög háu verði bæði af fyrrnefndum ástæðum og einnig vegna þeirra miklu gróðamöguleika sem falist hafa í útleigu þeirra ásamt hagstæðum skattareglum.

Í umræddum lagafrumvörpum felast róttækar breytingar. Verði þau að lögum má telja fullvist að verð á varanlegum veiðiheimildum lækki niður að því marki sem samræmist tekjumöguleikum af veiðunum að teknu tilliti til kostnaðar og eðlilegrar arðsemi en verð veiðiheimilda er nú margfalt herra. Staða landvinnslunnar mun styrkjast og meira jafnræði milli veiða og vinnslu komast á. Atvinnugreinin mun þannig á ný öðlast nokkuð af þeim sveigjanleika sem hún verður að hafa til þess að geta aðlagast síbreytilegum aðstæðum

Virðingarfyllt,  
Stjórn SFÁÚ




Óskar Þ. Karlsson




Kristján Guðmundsson



Sæmundur Hinriksson



Jón Steinn Elíasson



Sturla Erlendsson

Umsögn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar um  
Þskj. 191 - 189. mál.

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, með síðari breytingum  
Flm: Kristinn H. Gunnarsson

1. grein Um breytingu á 6. gr. laganna.
- a) 1. málsg. 5. mgr:  
Álit SFÁÚ: SFÁÚ er andvígð þessari breytingu.
- b) Viðbót við 6. gr. sem verði 11. málsgrein í 6. gr.  
Álit SFÁÚ: Tillagan er studd
2. grein Álit SFÁÚ: Tillagan er studd
3. grein Stjórn SFÁÚ vísar til umsagnar sinnar um 2. grein 487. máls, sem er lagafrumvarp flutt af sama þingmanni.

Stjórn SFÁÚ veitir ekki umsögn um aðrar greinar í umræddu frumvarpi.

Umsögn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar um  
Þskj. 269 - 236. mál.

## Frumvarp til laga

um afnám laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 með síðari breytingum

Flm: Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímansdóttir, Svavar Gestsson

Umsögn: SFÁÚ styður frumvarpið og tekur heilshugar undir þá greinargerð sem því fylgir.

16. mars 1998  
Stjórn SFÁÚ